

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 12.12.2024

Hverfasjá - baklandið	3
Mannauðs- og Launalausnir	5
SAP og Vinnustund	5
Fróði og Workplace	6
Ráðný og Torgið	6
Starfsmannagátt	7
Minnisblað – Eignaumsjón hugbúnaðarleyfa	8

Verkefnaráðsfundur 12.12.2024

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 2024 - Kynningar
Dagsetning 12.12.2024	Staðsetning Borgartún 12-14
Mættir: Eva Björk Björnsdóttir, Harpa Atladóttir, Óskar Jörgen Sandholt, Ólafur Sólimann Helgason, Arna Ýr Sævarsdóttir, Þröstur Sigurðsson, Bryndís Eir Kristinsdóttir, Ásgrímur Már Friðriksson og Hallgrímur Andri Jóhannsson	
Fjarverandi:	
Fundarritari: Harpa Atladóttir/Eva Björk Björnsdóttir	

Dagskrá fundar

Mánudagur 12. desember 2024, kl. 09:30 – 10:30 – 4. hæð vestur, Melavellir, Borgartún 12-14

09:30 – 09:35 Samstilling

09:35 – 09:55 Hverfasjá – Baklandið: Ásgrímur Már og Bryndís Eir

09:55 – 10:00 Umræður

10:00 – 10:25 Mannauðs- og launalausnir : Hallgrímur Andri

10:25 – 10:30 Umræður

10:30 Fundi slitið

Hverfasjá - baklandið

Um verkefnið

- Hverfasjá er vefsíða sem veitir grunnupplýsingar um hverfisSKIPulag í þeim hverfum sem hverfisSKIPulag hefur tekið gildi. Þar finna íbúar upplýsingar um alla þætti hverfisSKIPulagsins.
- Hverfasjá einfaldar ferlið vegna breytinga á húsum, en þar má finna skilmála sem gilda um fasteignina þína og leiðbeiningar um útfærslur á breytingum.
- Að mestu leyti er Hverfasjain byggð á gögnum úr Baklandi HverfisSKIPulagsins. Um er að ræða vefviðmót og gagnagrunn fyrir úrvinnslu hverfisgagna og landupplýsinga.
- Nýlega voru vankantar Baklandsins flaggaðir af deildarstjóra HverfisSKIPulags. Kerfið er hannað og þróað af verktaka í hlutastarfi og skrifað í Angular. Umræddur verktaki er ekki sérfræðingur í forritun – og þó að notendaviðmótið sé vel unnið er virkni þess viðkvæm og brotin.

Óskað eftir frá verkefnaráði:

- Koma Baklandinu í rekstur og vörustýringu hjá ÞON.
- Nýting á fjárheimild Hverfasjár við yfirtöku og yfirfærslu. Meðaltal kostnaðar er um það bil 5 m.kr. (hámark er 8.2 m.kr.).
- Samþykki fyrir verktakasamning við þróunaraðila Baklandsins.
- Baklandið fari í 10% vörustýringu samhliða Hverfasjá.

Vandamálið

- Baklandið er ekki í rekstri hjá UTR né í vörustýringu hjá ÞON.
- Baklandið er skrifað í Angular af verktaka í hlutastarfi.
- Viðmótið er ekki hannað né skrifað af sérfræðingi.
- Lausnin er brotin og liggur gjarnan niðri.
- Ekki er hægt að aðskilja viðmót frá gagnagrunni og því eru gögn hverfaskipulags og Hverfasjár í hættu.
- Í núverandi stöðu er ekki hægt að gæta að lífvænleika Hverfasjár.
- Unnar hafa verið 550-600 klst. á ári í verkefninu undanfarin 5-6 ár til verktaka en ekki er hægt að skilgreina nákvæmlega vinnustundir sem fara í Baklandið.

Ábati verkefnis:

- Við björgum þeirri vinnu sem hefur verið lögð í Baklandið og tryggjum framhald og björgum þekkingu sem föst hefur verið í einum utanaðkomandi verktaka. Þar að auki felst gríðarlegur kostnaður við að endurgera viðmótið eða finna sambærilega hilluvöru. Gefur þannig svigrúm til að meta hvað best er að gera án þess að slökkva á núverandi virkni.
- Við munum þar að auki geta haldið takti við útgáfu Hverfasjárinnar en Reykjavíkurborg ber lögleg skylda að birta hverfisSKIPulagsgögn með rafrænum hætti í upphafi árs 2025.

Hvað gerist ef verkefni er ekki unnið:

- Baklandið gæti hrunið hvenær sem er, erfiðlega mun þá reynast að framfylgja tímalínu hverfaskipulags ásamt því að útgáfa og birting Hverfasjár gæti dregist.
- Útgáfur og kynningagögn hverfisskipulags Reykjavíkurborgar eru unnar í kerfinu og keyrðar út sem ítarlegar ársskýrslur. Hverfasjáið aðstoðar íbúa við að greina hvað þau mega gera á tiltekinni lóð og fasteign. Annars þurfa þau að fletta í gegnum tvær 600 blaðsíðna skýrslur.

Lausnin

- ÞON tekur yfir rekstur og vörustýringu Baklandsins og verður lausnin rekin samhliða Hverfasjá.
- Verktakasamningur verður gerður við þróunaraðila Baklandsins og mun hann sinna stöðu ráðgjafa hjá ÞON.
- Viðmót og gagnagrunnur Baklandsins verður yfirfarið og virkni þess gætt út verkefnatímabil hverfisskipulags (áætluð verklok eru 2027).
- Í framhaldi verður viðmóti Baklandsins lokað en gagnagrunni haldið við.

Næstu skref:

- Gengið frá samningi við verktaka og hverfisskipulag.
- Rýni og ítarleg skoðun á kerfi.
- Uppfærsla á kostnaðaráætlun og tímalínu.
- Ráðgjöf og yfirfærsla frá Angular sérfræðingi.
- Þróunarteymi sér um yfirferð og viðhaldi á viðmóti og gagnagrunni.
- Vörustýring (samhliða Hverfasjá).
- Almennur rekstur hjá UTR.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Hafnað sem fjárfestingarverkefni en nauðsynlegt að taka í rekstur hjá Þjónustu- og nýsköpunarsviði í gegnum gjaldskrá upplýsingatæknimála eins og hefðbundið. Kostnaður við yfirfærslu og rekstrarkosnaður verður rúkaður í gegnum rekstrarlíkan til umhverfis- og skipulagssviðs í samræmi við reglur. Mikilvægt að grípa inni til að afstýra mun kostnaðarsamara vandamáli. Skoða þarf samhliða hvernig við komum gögnunum fyrir til framtíðar og hvernig framtíðarhögun gagna verður fyrir komið.

Aftur í efnisyfirlit

Mannauðs- og Launalausnir

SAP og Vinnustund

Stóra myndin

- Vefþjónustur SAP og Vinnustundar – Samskiptin þar á milli hafa verið að brotna og því var farið í lagfæringar
- Starfsaldur á kennitölu
 - Í dag er starfsaldur reiknaður niður á hvert og eitt starfsmannanúmer (starfsfólk getur haft fleiri en eitt starfsmannanúmer ýmist virk og óvirk). Með þessu verkefni birtist heildarstarfsaldur á kennitölu starfsmanns í stað þess að skoða þurfi hvert og eitt starfsmannanúmer til að kanna starfsaldur hans.
 - Verkefni frá 2019 sem er verið að loka í janúar 2025
- Uppfærslur
 - Gagnagrunnsuppfærsla Vinnustundar
 - Gagnagrunnsuppfærsla SAP
- Nýtt mannauðs- og launakerfi á næsta ári
 - Færri verkefni í SAP
 - Forgreiðing og upphaf verkefnis
- Þörf á að endurnýja samning um viðveruskráningu
- Samþætting Vinnustundar og dala.care

Næstu skref

- Færri (engin) verkefni fara af stað í SAP vegna útboðs á nýju kerfi
- Aðgangsveitingar SAP og Vinnustundar til UTR
- Nýtt Mannauðs- og launakerfi
- Útboð vegna viðverukerfis

Sigrar

- Vefþjónustur SAP og Vinnustundar:
 - Virkni sem hefur valdið vandamálum lengi en lagfæring ekki verið kláruð fyrr en núna
- Lok verkefnisins Starfsaldurs á kennitölu

Hindranir

- Samtal SAP við önnur kerfi, svo sem AD:
 - Erfitt að hafa uppi á aðilum með nauðsynlega þekkingu vegna mannbreytinga sem leiðir til þess að kaupa þarf þjónustu af verktökum til að reka kerfið og uppfæra.
 - SAP er í rekstri á FAS/MOS, þar af leiðandi hefur UTR enga yfirsýn yfir SAP og Vinnustund og því getur verið erfitt að nálgast aðstoð ef upp koma frávik í rekstri kerfisins.

Fróði og Workplace

Stóra myndin

- SiteImprove flokkun –
 - Allar síður á innri vef borgarinnar eru nú flokkaðar eftir sviðum. Með þessari breytingu er hægt að fylgjast með árangri hver og eins sviðs í SiteImprove, við getum þá fylgst með gæðastuðli hvers sviðs og umferð á þeirra síðum í stað þess að geta aðeins skoðað tölfræði og gæði einstaka síðna.
- Tiltækt í Fróða og sviðin virkjuð
 - Undirbúningur fyrir flutning á nýjan miðil
- Aukin virkni á forsíðu Fróða
 - 60%-70% heimsóknna eru þangað á forsíðuna.
- Workplace lokar þann 01.09.2025
 - Forgreining fyrir nýjan miðil í vinnslu:
 - Nýr miðill mun nýtast sem Samskiptamiðill og innri vefur

Næstu skref

- Fróði færast á nýjan miðil samhliða nýjum samskiptamiðli
 - Innri miðlun á sama stað
- Innleiðing á nýjum samskiptamiðli í stað Workplace:
 - Viva Engage
 - Workvivo
 - O.fl. í boði

Sigrar

- “Útleiðing” Fróða:
 - Virkt samtali við eiganda

Hindranir

- Úrelt efni á innri vef og virkni sviða misjöfn:
 - Töluverð vinna sem hefur farið í að lagfæra, uppfæra og koma innri vefnum í ásættanlegt horf
 - Ekki öll svið sem hafa tekið þátt í þessari vegferð

Ráðný og Torgið

Stóra myndin

- Samþættingu 50Skills og SAP lokið
 - Sjálfvirk stofnun nýs starfsfólks
 - Sjálfvirk tilfærsla ráðningagagna starfsfólks
 - Sjálfvirk Jira beiðni f. launaráðgjafa, stjórnendur og mannauðsfólk
- Samþættingu 50Skills og Hlöðunnar lokið

- Sjálfvirk stofnun máls með grunngögnum starfsfólks
- Færum aðgangsstýringar og rekstur 50Skills til UTR
- Innleiðingu fræðsluferfisins Torgsins lauk í janúar
 - Notendafjöldi kominn í 6.611:
 - Munar þar mestu um stóra viðburði SFS – Menntastefnumót og Sumarsmiðjur
- Viðtökuprófanir eloomi Infinite(Torgið)

Næstu skref

- Klára lágmarkskröfur með 50Skills
 - Nokkur atriði sem 50Skills þróar fyrir Reykjavíkurborg
- Samþætting við eloomi Infinite
- Uppfærsla í eloomi Infinite:
 - Þjálfun lykilaðila
 - Starfsfólk á ekki að þurfa endurinnleiðingu

Sigrar

- Notendafjöldi á Torginu aukist
 - Virkum notendum fjölgað um 72% á milli ára.
- Samþætting 50Skills:
 - Mikill tímassparnaður fyrir stjórnendur, mannauðsfólk og sérstaklega launaráðgjafa

Hindranir

- Innleiðing eloomi Infinite:
 - Atriði sem eru enn í þróun.
 - Viðræður við eloomi varðandi það að uppfylla lágmarkskröfur.

Starfsmannagátt

Stóra myndin

- Ný “lausn” þar sem starfsfólk getur sótt um hlunnindi án aðstoðar stjórnenda og/eða mannauðsfólks
- Heilsuræktarstyrkir:
 - 785 umsóknir
 - Áætlaður tímassparnaður: 196,25 klst.
- Samgöngustyrkir:
 - 385 umsóknir.
 - Áætlaður tímassparnaður: 96,25 klst.

Næstu skref

- Sund- og menningarkort
- Læknisvottorð
- Fleiri ferlar
- Aukin virkni fyrir notendur:

- Sjálfvirkar áminningar
- Sjálfvirk útfylling persónuupplýsinga

Sigrar

- Mikil ánægja og ávinningur
- Umsóknum stjórnenda fækkað til muna

Umræður verkefnaráðs:

Mjög flott utanumhald þessara lausna hjá vörustjóra. Mjög flott kynning og í góðum höndum. Mikið hrós til vörustjóra.

Aftur í efnisyfirlit

Minnisblað – Eignaumsjón hugbúnaðarleyfa

Lagt var fyrir minnisblað verkefnastjóra verkefnastofu þar sem farið var yfir tímaáætlun verkefnis en það hefur dregist vegna eigendaskipta, veikinda, fæðingarorlofs verkefnastjóra og verkefnaálags hópmeðlima. Verkefnið er innan kostnaðaráætlunar og góður gangur er í verkefninu sem stendur. Eigandi verkefnis er upplýstur um gang mála sem og áætlaðan rekstrarkostnað næstu ára. Stefnt er á yfirlestur útboðsganga í janúar 2025 og innleiðingu nýs kerfis í byrjun sumars.

Aftur í efnisyfirlit